

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 284/2015

2017/EES/38/52

frá 30. október 2015

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1844 frá 13. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 að því er varðar tæknilega framkvæmd á Kýótóbókuninni eftir 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 <sup>(2)</sup> hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn og því taka skýrslugjafarkröfur og losunarmörk, sem gert er ráð fyrir í þessari ákvörðun, ekki til EFTA-ríkjanna.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB <sup>(3)</sup> hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn og því taka stakar vöktunar- og skýrslukröfur, sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð, ekki til EFTA-ríkjanna.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við lið 21ana (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 R 1844:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1844 frá 13. júlí 2015 (Stjútíð. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/1844, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.